

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

og

Kennarasamband Íslands

hins vegar

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. janúar 2021 til 31. mars 2023 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1. janúar 2021 15.750 kr.

1. janúar 2022 17.250 kr.

Sjá meðfylgjandi launatöflur í fylgiskjali 1.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) skv. gr. 1.7.1. verður á samningstímanum sem hér segir:

Á árinu 2021 96.000 kr.

Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á samningstímanum sem hér segir:

Á árinu 2021 52.000 kr.

Á árinu 2022 53.000 kr.

4. gr.

Samfelldur vinnutími og eyður

Grein 1.6.3 breytist og hljóði svo frá 1. ágúst 2021:

1.6.3 Samfelldur vinnutími

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Greinar 1.6.4, 1.6.5 og 1.6.6 falla brott frá og með 1. ágúst 2021.

6.gr.

Vinnutíma breytt með samningi

Grein 2.1.2 breytist og verður svohljóðandi.

2.1.2 Vinnutíma breytt með samningi

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með skriflegu samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálstræði um hvenær vinnuskyldu er gegnt. Samráð skal haft við trúnaðarmann stofnunar þegar heimilda þessara er neytt.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði kjarasamningur á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjölum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 15.00 þann 16. apríl 2021 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 31. mars 2021

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Kennarasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Sverrir Jónsson (sign.)
Valgeir Þ. Þorvaldsson (sign.)
Stefanía S. Bjarnadóttir (sign.)
Kristján Ásmundsson (sign.)
Stefán Baldursson (sign.)

Guðjón Hreinn Hauksson (sign.)
Ægir Karl Ægisson (sign.)
Elna Katrín Jónsdóttir (sign.)
Anton Már Gylfason (sign.)
Helga Jóhanna Baldursdóttir (sign.)
Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (sign.)
Sólveig Ebba Ólafsdóttir (sign.)

**Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasambands Íslands
31. mars 2021**

Bókun 1

Samningsaðilar og mennta- og menningarmálaráðuneyti leggja til fimm fulltrúa í sérstakan vinnuhóp, tvo frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, tvo frá Kennarasambandi Íslands og einn frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Viðfangsefni hópsins er að halda áfram að þróa vinnumat í framhaldsskólum á grundvelli efnis í viðauka 1 með kjarasamningi frá 2018. Fyrsta verk hópsins er að birta upplýsingar um vinnumat á aðgengilegan hátt á vef þannig að öll sem málið varðar geti kynnt sér uppbyggingu vinnumats í framhaldsskólum. Vinnuhópnum er einnig falið að semja leiðbeiningar og nauðsynlegar upplýsingar sem nýtast skólum við þróun vinnumats, framkvæmd þess og gerð vinnumats fyrir nýja áfanga.

Vinnumatid þarf að geta tekið við breytingum sem gera þarf á því á hverjum tíma, t.d. vegna breyttra kjarasamninga, faglegrar þróunar, námskrármála o.fl. Við vinnuna verður haft að leiðarljósi að efla skólastarf í þágu nemenda, að vinnuumhverfi kennara sé skapandi og stuðla að framþróun skólastarfs.

Vinnuhópurinn komi saman eigi síðar en 20. apríl 2021 og skal skila niðurstöðu til samningsaðila eigi síðar en 1. febrúar 2022. Stefnt skal að því að upplýsingar um vinnumat verði gerðar aðgengilegar á vef fyrir 1. júní 2021.

Bókun 2

Markmið þessa samnings er m.a. að styrkja stofnanasamningskerfið í því skyni að efla samkeppnisstöðu framhaldsskóla og auka tækifæri starfsfólks til að hafa áhrif á eigin launaþróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hvers skóla fyrir sig. Þá er mikilvægt að framhaldsskólum sé gert kleift að skapa hvata til að styðja við stefnu og áherslur stjórnvalda um eflingu menntakerfisins og nýsköpun í skólastarfi.

Samningsaðilar eru sammála um að frá 1. janúar 2022 verði framhaldsskólum veittar 160 m.kr. á ársgrundvelli að meðtöldum launatengdum gjöldum til þess að auka virkni stofnanasamninga. Sérstaklega skal horft til nýliðunar, framþróunar í starfi, starfsþróunar og nýsköpunar í samræmi við þarfir hvers framhaldsskóla. Semja skal um útfærslu framlagsins í samstarfsnefndum framhaldsskóla.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að þekking á forsendum og markmiðum sem búa að baki stofnanasamningum sé mikilvæg fyrir alla sem vinna að gerð stofnanasamninga í framhaldsskólum. Með þessum kjarasamningi vilja samningsaðilar leitast við að auka virkni stofnanasamninga, sbr. einnig efni bókunar 2. Í því skyni að stuðla að reglubundnari endurnýjun stofnanasamninga og betri nýtingu þessa vettvangs verður myndað stuðningsteymi skipað fulltrúum samningsaðila, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Skólameistarafélags Íslands. Stuðningsteyminu er ætlað að undirbúa og skipuleggja fræðslu um gerð og inntak stofnanasamninga auk þess að koma með ábendingar eða tillögur um bættu upplýsingagjöf sem nýtist samstarfsnefndum. Enn fremur er teyminu ætlað að vera samstarfsnefndum í einstökum framhaldsskólum til liðsinnis eftir þörfum og óskum þeirra. Aðilar bera hver sinn kostnað af starfi teymisins.

Bókun 4

Samningsaðilar hafa ítrekað fjallað um virkni stofnanasamninga í framhaldsskólum, t.a.m. í bókun 2 frá 2018 og í bókun 4 frá 2020. Þeirri sameiginlegu skoðun sem mælt er fyrir um í síðari bókuninni er ekki lokið. Aðilar eru ásáttir um að leita sameiginlega til óháðs aðila til að vinna að þeirri skoðun sem mælt er fyrir um í bókun 4 frá 2020, um launamyndun og launasamsetningu í framhaldsskólum. Þessi skoðun verði fjármögðuð sameiginlega, allt að 3 m.kr. frá hvorum aðila.

Vinna við skoðunina hefst í september 2021 og niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2022.

Bókun 5

Í fylgiskjali 1, um útfærslu vinnutíma, sem er með mörgum af nýgerðum kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði, var samið um tímabundna heimild til að breyta skipulagi vinnutíma, enda feli hið breytta fyrirkomulag í sér gagnkvæman ávinning fyrir viðkomandi stofnun og starfsfólk. Betri vinnutími er útfærður á hverri stofnun fyrir sig og tekur mið af því hvað hentar starfsemi stofnunar best, og getur því verið með mismunandi hætti milli stofnana og jafnvel deilda. Með fylgiskjali 1 um útfærslu vinnutíma var ekki samið um breytingar á skipulagi vinnutíma hjá starfsstéttum eða hópum sem hafa nú þegar frávík frá 40 stunda vinnuviku eða þar sem mælt er fyrir um skiptingu starfsskyldna milli starfsþátta í kjarasamningum, stofnanasamningum, sérstökum reglum eða öðrum miðlægum útfærslum. Að auki er kafli kjarasamnings ríkisins og KÍ um skipulag vinnutíma framhaldsskólakennara efnislega frábrugðinn öðrum köflum kjarasamninga starfsmanna ríkisins.

Um vinnutíma stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa fer aftur á móti samkvæmt almennum vinnutímaákvæðum, sem eru 40 stundir á viku til jafnaðar yfir árið, en ekki sérákvæðum um vinnutíma framhaldsskólakennara sem kveðið er á um í gr. 2.1.6.2. Þó njóta stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar 80 stunda á ári vegna endurmenntunar, sbr. gr. 2.1.7.1 vegna stjórnenda og samkomulagi um tiltekin kjör náms- og starfsráðgjafa með kjarasamningi dags. 4. apríl 2014. Samningsaðilar eru sammála um að fara í sameiginlega greiningu á lengd og skipulagi vinnutíma stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa. Markmiðið er að skoða hvernig vinnuframlagið raungerist þegar litið er á ársvinnutíma í núverandi fyrirkomulagi í samanburði við aðrar stéttir, fyrir utan kennara, er starfa í framhaldsskólum. Niðurstöður úr greiningunni verða notaðar til að meta hvort og þá hvaða leiðir henta best við breytingar á fyrri vinnufyrirkomulagi með hliðsjón af þeim markmiðum sem fram koma í fylgiskjali 1 um betri nýtingu vinnutíma.

Forsendur fyrir því að hægt sé að útfæra breytingar á vinnutíma stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum í samræmi við fylgiskjal 1 um betri vinnutíma í dagvinnu er að tekin verður upp tvískipt yfirvinna, sbr. gr. 1.5.1 í kjarasamningi Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga dags. 1. apríl 2020, og að 80 stundir í endurmenntun sbr. gr. 2.1.7.1 verði útfærðar sem slíkar í samráði við

skólameistara. Jafnframt fellur niður skylda til að greiða umsaminn endurmenntunartíma í yfirvinnu sem vantar upp á fullar 80 stundir ári, líkt og t.d. kveðið er á um í samkomulagi um tiltekin kjör stjórnenda sem fylgir kjarasamningi aðila dags. 4. apríl 2014.

Stefnt er að því að þessari vinnu ljúki fyrir 1. október 2021 og skal fulltrúi félags stjórnenda í framhaldsskólum sjá um að boða til fyrsta fundar. Þátttakendur eru samningsaðilar auk fulltrúa Skólameistarafélags Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Leiði greiningarvinnan til þeirrar niðurstöðu að unnt sé að ná fram betri nýtingu vinnutíma stjórnenda og námsráðgjafa er heimilt að hefja tilraunaverkefni um annað skipulag vinnutíma með samkomulagi innan hlutaðeigandi stofnunar, í samræmi við inntak fylgiskjals 1 um betri vinnutíma í dagvinnu. Þá hefjist tilraunaverkefnið eigi síðar en 1. janúar 2022.

Fyrir lok samningstímans skulu aðilar þessa kjarasamnings leggja sameiginlegt mat á áhrif tilraunaverkefnanna og hvort núverandi framsetning á ákvæðum vinnutíma í kjarasamningnum falli best að framtíðarskipulagi og starfsumhverfi stofnana ríkisins.

Bókun 6

Í kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði hefur að undanfögnu verið samið um betri vinnutíma í kjölfar umbótasamtals á hverri stofnun, á grundvelli fylgiskjals 1. Um tímabundið verkefni er að ræða. Ekki var samið um breytingar á skipulagi vinnutíma hjá starfsstéttum eða hópum sem hafa nú þegar frávík frá 40 stunda vinnuviku eða þar sem mælt er fyrir um skiptingu starfsskyldna milli starfsþátta í kjarasamningum, stofnanasamningum eða öðrum miðlægum útfærslum, eins og á við um vinnutíma framhaldsskólakennara. Í lok samningstímans munu aðilar að fylgiskjali 1 sameiginlega leggja mat á áhrif breytinganna og hvort núverandi framsetning á ákvæðum kjarasamninga um vinnutíma falli best að framtíðarskipulagi og starfsumhverfi stofnana ríkisins. Í bókun með þessum kjarasamningi er fjallað um sömu möguleika á betri vinnutíma stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa sem starfa í framhaldsskólum.

Samningsaðilar eru sammála um að fylgjast með framvindu og árangri þeirra umbótaverkefna sem orðið hafa til að undanfögnu við innleiðingu betri vinnutíma. Á samningstímanum verði unnið að greiningu á vinnutíma framhaldsskólakennara. Skoðunin verði fjármögnuð sameiginlega af aðilum, allt að 2 m.kr. frá hvorum. Vinna á grundvelli bókunarinnar skal fara fram á tímabilinu frá september 2021 til febrúar 2022.

Á grundvelli þeirrar greiningar munu samningsaðilar meta hvort og hvaða sóknarfæri felast í að endurskoða núverandi fyrirkomulag vinnutíma kennara, með það að leiðarljósi að ná fram þeim markmiðum sem lagt er upp með í fylgiskjali 1 um betri vinnutíma, betri gæði opinberrar þjónustu og betri vinnustaðamenningu. Til þessa verks verði ráðinn óháður aðili sem samningsaðilar koma sér saman um.

Bókun 7

Í kjarasamningi aðila er að finna ákvæði um kennsluafslátt sem afmarkaður hópur kennara nýtur vegna lífaldurs. Afslátturinn er frávik sem byggir á lífaldri og kann því að ganga gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Samningsaðilum er ljóst að breyta þarf fyrrgreindu ákvæði sem er flókið viðfangsefni. Aðilar eru sammála um að vinna að greiningu á viðfangsefninu á samningstímanum sem nýtast mun við úrlausn málsins.

Bókun 8

Stefnt er að upptöku launaþróunartryggingar milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins sem taki mið af vinnu nefndar um jöfnun launa milli markaða. Launaþróunartryggingu er ætlað að tryggja að launaþróun sé að öðru jöfnu svipuð hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði en styðji jafnframt við þann árangur sem kann að nást í að jafna laun milli markaða.

Bókun 9

Aðilar eru sammála um að eiga í samstarfi um að uppfæra heildartexta kjarasamnings Kennarasambands Íslands. Þeirri vinnu skal lokið sem fyrst og eigi síðar en 1. desember 2021.

Fylgiskjal 1
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasamband Íslands

31. mars 2021

Launatafla tekur gildi frá 1. janúar 2021:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	434.860	445.732	456.603	467.475	478.346	489.218	500.089	510.961	521.832
2	454.066	465.418	476.769	488.121	499.473	510.824	522.176	533.528	544.879
3	474.232	486.088	497.944	509.799	521.655	533.511	545.367	557.223	569.078
4	495.406	507.791	520.176	532.561	544.947	557.332	569.717	582.102	594.487
5	517.639	530.580	543.521	556.462	569.403	582.344	595.285	608.226	621.167
6	543.003	556.578	570.153	583.729	597.304	610.879	624.454	638.029	651.604
7	570.153	584.407	598.661	612.915	627.169	641.423	655.676	669.930	684.184
8	598.661	613.628	628.594	643.561	658.527	673.494	688.460	703.427	718.393
9	628.594	644.309	660.024	675.739	691.454	707.168	722.883	738.598	754.313
10	660.024	676.525	693.025	709.526	726.026	742.527	759.028	775.528	792.029
11	693.025	710.351	727.676	745.002	762.328	779.653	796.979	814.305	831.630
12	727.676	745.868	764.060	782.252	800.444	818.636	836.828	855.020	873.212
13	764.060	783.162	802.263	821.365	840.466	859.568	878.669	897.771	916.872
14	802.263	822.320	842.376	862.433	882.490	902.546	922.603	942.659	962.716
15	842.376	863.436	884.495	905.555	926.614	947.673	968.733	989.792	1.010.852
16	884.495	906.608	928.720	950.832	972.945	995.057	1.017.169	1.039.282	1.061.394
17	928.720	951.938	975.156	998.374	1.021.592	1.044.810	1.068.028	1.091.246	1.114.464
18	975.156	999.535	1.023.914	1.048.293	1.072.672	1.097.050	1.121.429	1.145.808	1.170.187

Launatafla tekur gildi frá 1. janúar 2022:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	452.110	463.413	474.716	486.018	497.321	508.624	519.927	531.229	542.532
2	471.316	483.099	494.882	506.665	518.448	530.231	542.013	553.796	565.579
3	491.482	503.769	516.056	528.343	540.630	552.917	565.204	577.491	589.778
4	512.656	525.472	538.289	551.105	563.922	576.738	589.554	602.371	615.187
5	538.032	551.483	564.934	578.385	591.836	605.287	618.737	632.188	645.639
6	564.934	579.057	593.181	607.304	621.428	635.551	649.674	663.798	677.921
7	593.181	608.010	622.840	637.669	652.499	667.328	682.158	696.987	711.817
8	622.840	638.411	653.982	669.553	685.124	700.695	716.266	731.837	747.408
9	653.982	670.331	686.681	703.030	719.380	735.730	752.079	768.429	784.778
10	686.681	703.848	721.015	738.182	755.349	772.516	789.683	806.850	824.017
11	721.015	739.040	757.066	775.091	793.116	811.142	829.167	847.193	865.218
12	757.066	775.992	794.919	813.846	832.772	851.699	870.626	889.552	908.479
13	794.919	814.792	834.665	854.538	874.411	894.284	914.157	934.030	953.903
14	834.665	855.532	876.398	897.265	918.131	938.998	959.865	980.731	1.001.598
15	876.398	898.308	920.218	942.128	964.038	985.948	1.007.858	1.029.768	1.051.678
16	920.218	943.224	966.229	989.234	1.012.240	1.035.245	1.058.251	1.081.256	1.104.262
17	966.229	990.385	1.014.540	1.038.696	1.062.852	1.087.008	1.111.163	1.135.319	1.159.475
18	1.014.540	1.039.904	1.065.267	1.090.631	1.115.995	1.141.358	1.166.722	1.192.085	1.217.449